

EFÍA ÁRANGUR SÉRHÆFÐRA FJÁRFESTINGA

Árlega er fjárfestingarstefna Eftirlaunastjóðs FÍA (EFÍA) endurskoðuð en við mótun hennar hefur verið lögð áhersla á áhættudreifingu. Almennt má halda því fram að blönduð og vel dreifð eignasöfn séu ókjósanlegur kostur fyrir lífeyrissparnað, slíkt veiti viðeigandi áhættudreifingu og skili góðri langtímaávöxtun.

Áhættudreifing felur meðal annars í sér að fjárfest er í ólíkum eignum og eignaflokkum, innanlands sem og erlendis með það að markmiði að draga úr sveiflum í ávöxtun safna í heild sinni. Í fjárfestingarstefnu þessa árs hjá sjóðnum er haldið áfram á sömu vegferð og hefur verið vörðuð undanfarin ár, hlutfall og fjölbreytni erlendra eigna hefur verið aukið en einnig er vægi innlendra óskráðra hlutabréfa aukið.

Hvað er átt við með sérhæfðari fjárfestingum?

Eftirlaunastjóður FÍA hefur um árábil fjárfest í sérhæfðum fjárfestingum. Hér er átt við fjárfestingar sem falla ekki undir hefðbundna fjárfestingarflokka til dæmis skuldabréf og hlutabréf. Sérhæfðar fjárfestingar fela gjarnan í sér lengri bindingu, eru óskráðar eða að jafnaði illseljanlegri en hefðbundnari fjárfestingar. Oft eru þær áhættusamar en fela oft á móti í sér væntingar um hærri lengri tíma ávöxtun. Dæmi um sérhæfðar fjárfestingar eru framtaks- og vísifjárfestingar*, fasteignafjárfestingar, fjárfestingar í innviðum og sérhæfðar skuldabréfafjárfestingar. Árangur þeirra er best metinn yfir lengra tímabil en ekki frá ári til árs líkt og með margar hefðbundnari fjárfestingar.

Gera má ráð fyrir, líkt og með aðra fjárfestingarkosti, að ekki gangi allar slíkar fjárfestingar vel en þegar upp er staðið er heildarávöxtun flokksins hinn endanlegi mælikvarði á það hvernig til tekst. Þegar skoðaðar eru þær innlendu sérhæfðu fjárfestingar sem EFÍA hefur tekið þátt í á sl. 12 árum er heildarfjárhæð sem lögð hefur í slík verkefni um 3 milljarðar króna og samtals ávinningur af þeirri fjárfestingu nam um sl. áramót um 615 milljónum króna.

*Framtaks- og vísifjárfestingar: Framtaksfjárfestingar eru yfirleitt fjárfestingar í hlutabréfum fyrirtækja sem ekki eru skráð á markað en eru þegar í rekstri. Vísifjárfestingar eru almennt fjárfestingar þar sem fjárfest er í fyrirtækjum á fyrri stigum í líftíma þeirra en fyrir liggur þörf á frekari þróun á vöru og vexti.

Erlendar sérhæfðar fjárfestingar

EFÍA hefur markvisst aukið vægi erlendra eigna eftir að gjaldeyrishöft voru afnumin árið 2017. Hluti erlendra fjárfestinga eru erlendar sérhæfðar fjárfestingar en sett hefur verið markmið um að auka vægi þeirra í varfærunum skrefum á komandi árum. Á síðasta ári var fjárfest í þremur erlendum sérhæfðum fjárfestingum:

- **DNB Private Equity VII:** Sjóðurinn fjárfestir í öðrum framtakssjóðum sem aftur fjárfesta í óskráðum hlutabréfum og gefur því góða áhættudreifingu. Áherslur sjóðsins eru á framhaldssjóði sem áður hafa sýnt góða frammistöðu og stöðugleika. Fjárfest er á grónum markaðssvæðum í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum og mikil áhersla er lögð á umhverfismál, félagslega þætti og góða stjórnarhætti.
- **Obligo Global Infrastruktur II:** Obligo Global Infrastruktur II er innviðasjóðasjóður, þ.e. sjóður sem fjárfestir í öðrum sjóðum sem aftur fjárfesta beint í innviðafjárfestingum. Áhættudreifing er mikil og í fjárfestingarstefnunni er lögð áhersla á samval sjóða með ólíka áhættuþætti, raunverulega innviði og fjárfestingar í sjálfbærum verkefnum. Að minnsta kosti 85% af fjárfestingunum eru innan OECD ríkjanna og áhersla er lögð á sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar.
- **Wellington Global Property:** Wellington Global Property er fasteignasjóður og eru fjárfestingar hans dreifðar í undirgeirum fasteignamarkaðarins á heimsvísu. Sjóðurinn fjárfestir aðallega í hlutabréfum fyrirtækja sem þróa, reka eða leigja út fasteignir á þróuðum mörkuðum heimsins.

Innlendar sérhæfðar fjárfestingar


Gjaldeyrishöft sem voru sett á í kjölfar efnahagshrunsins 2008 höfðu veigamikil áhrif á fjárfestingarumhverfi og mögulegar fjárfestingar. Vegna þessa ákvað EFÍA að leggja aukna áherslu á sérhæfðar innlendar fjárfestingar og hefur árangur frá þeim tíma til dagsins í dag á heildina litið verið góður þó dæmi séu um að einhverjar fjárfestingar hafi farið verr en upphaflegar forsendur gerðu ráð fyrir.

Nokkuð hefur verið fjallað um fjárfestingu lífeyrissjóða í kísilverinu PCC á Bakka við Húsavík en EFÍA hefur gert varúðarniðurfærslu í nokkrum skrefum um alls 79% frá upphaflegri fjárfestingu. Framleiðsluferlið hefur því miður ekki komist í nægilega gott horf en að auki spila inn í erfiðar aðstæður á hrávörumörkuðum og mikil óvissa til skemmri tíma sem hefur litað starfsemina.

Við mótun fjárfestingarstefnu fyrir árið 2021 var meðal annars horft til áhrifa sem efnahagslegur samdráttur í kjölfar kórónuveiru-faraldursins hefði að öllum líkindum í för með sér en líklegt þótti að vænleg fjárfestingartækifæri myndu lita dagsins ljós við endurreisn íslensks efnahagslífs. Vegna þessa var ákveðið að leggja m.a. áherslu á fjárfestingu í framtakssjóðum eða sjóðum sem fjárfesta á innlenda óskráða markaðnum og að auki er einnig horft til fjárfestingu í nýsköpun.

Mikil reynsla og þekking hefur byggst upp innan nýsköpunar og er mikill meðbyr hjá hinu opinbera og fjárfestum með slíkri starfsemi. EFÍA hefur horft til slíkra fjárfestinga í gegnum vísisjóði sem fjárfesta í fyrirtækjum í nýsköpun en nú þegar er fyrirhuguð skuldbinding til þátttöku í nokkrum slíkum sjóðum auk frekari skrefa á þeirri vegferð.

HAGNAÐUR/TAP Í MILLJÓNUM KRÓNA AF SÉRHÆFÐUM FJÁRFESTINGUM EFÍA



* Byggt á nýjustu upplýsingum frá forsvarsmönnum viðkomandi fjárfestinga og með fyrirvara um skekkjur í útreikningum.

* Heildarfjárhæð sem fjárfest var fyrir í ofangreindum fjárfestingum nam um 3 milljörðum króna.

Hér má sjá árangur einstakra innlendra sérhæfðra fjárfestinga Eftirlaunastofns FÍA sem er lokið eða langt á veg komnar og fjárfest hefur verið í frá 2008. Þegar fjárfest er í sérhæfðum fjárfestingum er mikilvægt að hafa í huga að fjárfestingarnar fela oftast í sér lengri tíma bindingu og það tekur hverja fjárfestingu um 7-10 ár að ljúka sínu ferli.

• **Jarðvarmi:** Árið 2011 fjárfesti EFÍA í HS Orku, sem er innviðafjárfesting í tengslum við sölu endurnýjanlegra orkugjafa. Árleg ávöxtun er um 6%.

• **SF V:** Árið 2014 fjárfesti EFÍA í félagi sem var stofnað utan um fjárfestingu í Festi, sem á sínum tíma voru meðal annars verslanirnar Krónan og Elko. Árleg ávöxtun var um 27%.

• **HSV Eignarhaldsfélag:** Árið 2015 fjárfesti EFÍA í HS Veitum, sem er innviðafjárfesting í tengslum við vatnsdreifikerfi. Árleg ávöxtun er um 25%.

• **Fasteignasjóðurinn SRE II:** Árið 2011 tók EFÍA þátt í fasteignasjóðnum SRE II á vegum sjóðastýringarfyrtækis Stefnis þar sem meðal annars var fjárfest í Ícelandair hótlinu á Akureyri, húsnæði Nýherja, Hótel Borg og Advania. Árleg ávöxtun var um 25%.

• **Framtaksfjárfestingarsjóðurinn HORN II:** Árið 2013 ákvað EFÍA að fjárfesta í framtaksfjárfestingarsjóðnum Horn II á vegum sjóðastýringarfyrtækis Landsbréfa sem meðal annars fjárfesti í félögnum Hvatningu, stærsta eiganda Bláa Lónsins, Fáfní Off-shore og Kea hótélum. Árleg ávöxtun er um 25%.

• **Íslenski athafnasjóðurinn II:** Árið 2013 fjárfesti EFÍA í framhaldssjóð Íslenska athafnasjóðsins á vegum Stefnis, Íslenska athafnasjóðsins II. Hann fjárfesti meðal annars í Festi og Skeljungu. Árleg ávöxtun er um 13%.

• **Veðskuldabréfasjóðir:** Á árunum 2014-2017 hefur EFÍA fjárfest í veðskuldabréfasjóðnum Alda Credit Fund (I, II), Veðskuld (II, III) og Landsbréf Veðskuldabréfasjóð en um er að ræða fjárfestingu í innlendum veðskuldabréfum þar sem undirliggjandi eru meðal annars skuldabréf með veðum í fasteignum. Árleg ávöxtun veðskuldabréfasjóðanna er um 6%.

• **ST1 fagfjárfestisjóður:** Árið 2016 fjárfesti EFÍA í ST1 á vegum Stefnis. Árleg ávöxtun um 7%.

• **TFII:** Árið 2017 fjárfesti EFÍA í TFII, á vegum Íslenskra verðbréfa, sem hefur fjárfest í Hreinsitækni, Coripharma og Genis. Árleg ávöxtun um 15%.

• **Íslenski athafnasjóðurinn:** Árið 2011 ákvað EFÍA að taka þátt í Íslenska athafnasjóðnum á vegum Stefnis sem meðal annars fjárfesti í Högum og Sjóvá. Árleg ávöxtun um 18%.

• **Edda slhf:** Árið 2013 fjárfesti EFÍA í innlenda framtakssjóðnum Eddu hjá sjóðastýringarfyrtækinu Virðingu. Sjóðurinn fjárfesti meðal annars í Dominos, Securitas, Marorku og Íslandshótélum. Árleg ávöxtun er um 8%.

• **Ármúli lánasafn:** Árið 2015 fjárfesti EFÍA í fagfjárfestisjóði í rekstri Stefnis. Um var að ræða eignatryggt skuldabréf til fjármögnunar á skilgreindu lánasafni MP banka. Árleg ávöxtun um 7%.

• **Íslenski athafnasjóðurinn III:** Árið 2016 fjárfesti EFÍA í framhaldssjóði Íslenska athafnasjóðsins á vegum Stefnis sem meðal annars fjárfesti í Reykjavík EDITION, Terra, Hamri, Lyfju og Men&Mice. Árleg ávöxtun er um 5%.

• **AL 2 fagfjárfestisjóður:** Árið 2018 fjárfesti EFÍA í AL 2 á vegum Stefnis sem var fjárfesting í óskræðum skuldaviðurkenningum fyrirtækja í gegnum Kviku banka hf. Árleg ávöxtun var um 5%.

• **Blávarmi:** Árið 2019 fjárfesti EFÍA í Blávarma sem fjárfestir í Bláa lóninu. Árleg ávöxtun er um 2%.

• **Kjölfesta:** Árið 2012 fjárfesti EFÍA í framtakssjóðnum Kjölfestu sem var samstarf Virðingar og ALM ráðgjafar. Sjóðurinn fjárfesti meðal annars í Meniga, Odda, Senu, Íslands hótél. Árleg ávöxtun er um 1%.

• **Innviðir fjárfestingar:** Árið 2015 fjárfesti EFÍA í innviðasjóði sem fer með eignarhlut í HS Veitum. Árleg ávöxtun er um -3%.

• **Hvatning:** Árið 2019 fjárfesti EFÍA í sjóði á vegum Landsbréfa sem fer með eignarhlut í Bláa lóninu. Árleg ávöxtun var um -6%.

• **SF VI slhf:** Árið 2014 fjárfesti EFÍA í SF VI á vegum Stefnis sem var fjárfesting í Gagnaverinu Verne Global á Reykjanesi. Árleg ávöxtun er um -6%.

• **Framtaksfjárfestingarsjóðurinn HORN**

III: Árið 2016 fjárfesti EFÍA í framtaksfjárfestingarsjóðnum Horn III á vegum sjóðastýringarfyrtækisins Landsbréfa sem meðal annars fjárfestir í Ölgerðinni, Hópbílum og Bilaleigu Flugleiða. Árleg ávöxtun er um -11%.

• **PCC Bakki:** Árið 2015 fjárfesti EFÍA í kísilverksmiðju við Húsavík. Þrátt fyrir að líftíma verkefnisins sé ekki lokið og ekki komið að endapunkti hafa erfiðleikar í rekstri og aukin fjárþörf orðið til þess að sjóðurinn hefur gert um 79% varúðarniðurfærslu frá upphaflegri fjárfestingu.

• **United Silicon:** Árið 2015 fjárfesti EFÍA í kísilverinu United Silicon í Helgukví á Reykjanesi. Síðaxandi rekstrarerfiðleikar og rökstuddur grunur um sviksemi varð þess valdandi að fjárfestingin tapaðist að endingu að fullu en hún nam rúmlega hálfu prósentu af eignum sjóðsins.